



Varðandi: Starfsréttindi og ráðningar í þjónustu á velferðar- og mannréttindasviði

Málsnúmer: 1805107

Dagsetning: 22.05.2018

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 81. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 16. maí 2018 var fjallað um starfsréttindi og ráðningar í þjónustu á velferðar- og mannréttindasviði.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að forstöðumenn og yfirmenn í stuðningsþjónustu og stoðþjónustu fái heimild til að ráð inn fagaðila í þau lausu störf sem skapast á sviðinu þannig að fagmenntun starfsmanna innan hvernar starfsstöðvar verði að lágmarki 40%. Lagt er til að þessu markmiði verði náð innan þriggja ára og fyrsti áfangi þess verði á þessu ári. Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til bæjarráðs til endanlegrar afgreiðslu.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á að gæði þjónustu á velferðar- og mannréttindasviði verði sem mest og efla enn frekar. Með hliðsjón að þeirri lögfestingu sem er um menntun og hlutfall fagmenntaðra starfsmanna við kennslu, umönnun og uppeldi barna og ungmenna í leik-, grunn- og framhaldsskólum leggur velferðar- og mannréttinda ráð til að slík viðmið verði tekin upp í þjónustu á velferðar- og mannréttindasviði. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að forstöðumenn og yfirmenn í stuðningsþjónustu og stoðþjónustu fái heimild til að ráð inn fagaðila í þau lausu störf sem skapast á sviðinu þannig að fagmenntun starfsmanna innan hvernar starfsstöðvar verði að lágmarki 40%. Lagt er til að þessu markmiði verði náð innan þriggja ára og fyrsti áfangi þess verði á þessu ári.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til bæjarráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Svala Hreinsdóttir
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs